

Skallabúðir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bær þessi er því nær miðja vega milli Hallbjarnareyrar og Vatnabúða, og stendur á sjávarbakkanum. Býli þetta var áður mjög lengi í eyði, en fyrir h.u.b. 20 árum var það byggt upp aftur. Í túninu eru engin örnefni kunn, en austnorður frá bænum á bakkanum sjálfum er hól, sem fjárhús standa nú á. Í hól þessum er sagt að tveir fornmenn hafi verið heygðir. Í Landnámu segir svo: „Þeir Þórólfr feðgar eru báðir heygðir á Skallanesi.“¹ Ætla mátti að þar sem Skallabúðir eru sé hið forna Skallanes, enda er þar nesmyndun þó allbreitt sé; litlu utar beygir ströndin til vesturs, heitir þar nú Skarfatangi, er það grjóttangi er gengur til norðurs í sjó fram. Þarna er lágkent og hefur sennilega brotið nokkuð upp og að nesið hafi verið lengra fram í þann tíma er land var numið. Má því vel vera að sögusögnin sé rétt að þeir feðgar Þórólfrur blöðruskalli og Vestar hafi verið heygðir í hól þessum.

Land það er tilheyrir Skallabúðum er mjög lítið og allsléttur flói, mjög blautur; nær hann milli fjalls og fjöru, sem er mjög skammt, en með sjónum eru sand- og malarbakkar. Fyrir ofan flóann, upp undir fjallinu, eru börð með töðugresisbrekkum, er það svæði kallað **Brekkur** (1). Vesturendi þeirra heitir **Brekknaendi** (2). Ofar í hlíðinni eru bekkir, sem kallaðir eru **Háubekkir** (3). Upp af Háubekkjum eru tveir háir klettastrípar, hátt í hlíðinni, heita þeir **Strákar** (4) (sjá Hallbjarnareyri).

Nokkru fyrir vestan Skallabúðir gengur fram alllangur grjóttangi, sem **Skarfatangi** (5) heitir, norður af honum er sker, sem kallað er **Skarfatangasker** (6).

¹ Tilvitnun sett hér inn skv. Ísl. fornritum I (1968), s. 119. J.H.

Stafrófsskrá örnefna

Breknaendi 2
Brekkur 1
Háubrekkur 3

Skarfatangasker 6
Skarfatangi 5
Strákar 4